

REGLUR

um fjárhagsaðstoð hjá Vesturbyggð

I. KAFLI

Fjárhagsaðstoð, almenn atriði

1. gr.

Fjárhagsaðstoð, sbr. 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, skal veitt í eftirtöldum tilvikum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum:

- Til framfærslu einstaklinga og fjölskyldna, sem hafa ónógar tekjur og geta ekki séð fyrir sér og sínum án aðstoðar, sbr. IV. og V1. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
- Til einstaklinga og fjölskyldna vegna sérstakra aðstæðna, svo sem vegna náms, heimilisstofnunar og fleira sbr. IV. kafla.

2. gr.

Fjárhagsaðstoð getur hvort heldur sem er verið lán eða styrkur. Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umsækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum leiðir í ljós að eðlilegt er að gera kröfur um endurgreiðslur með tilliti til eigna og framtíðartekna.

Fjárhagsaðstoð veitt á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess sem aðstoðina fær er ætíð endurkræf.

Skylt er að veita velferðarráði hverjar þær upplýsingar úr skattskýrslum þeirra sem leita fjárhagsaðstoðar eða hafa fengið hana. Sama gildir um upplýsingar úr skattskýrslum lögskylds framfæranda.

Atvinnurekendum er skylt að láta velferðarráði í té upplýsingar um laun þess sem fjárhagsaðstoðar leitar og framfæranda hans.

II. KAFLI

Umsóknir um fjárhagsaðstoð skv. III. og IV. kafla og málsméðferð.

3. gr.

Umsókn og fylgigögn.

Umsókn um fjárhagsaðstoð skal leggja fram með rafrænum hætti á heimasíðu Vesturbyggðar og undirrita með rafrænum skilríkjum. Einnig er hægt að skila inn undirritaðri umsókn á þar til gerðu eyðublaði í afgreiðslu Ráðhúss Vesturbyggðar. Umsóknum skal fylgja eftirfarandi gögn er varðar umsækjanda og maka/sambúðaraðila:

- a. Staðfest ljósrit af skattframtölum viðkomandi og afrit af launaseðlum þann mánuð sem umsókn er lögð fram og mánuðinn á undan.
- b. Yfirlit yfir greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og sjúkrasamlagi.
- c. Greiðsluseðlar og/eða vottorð frá Vinnumálastofnun sem staðfestir atvinnuleysi umsækjanda og greinir frá rétti til greiðslna úr atvinnuleysistryggingasjóði. Þurfi umsækjandi um atvinnuleysisbætur að sæta biðtíma eftir atvinnuleysisbótum þurfa ástæður þess að koma fram í vottorðinu sem og lengd biðtíma.
- d. Upplýsingar um aðrar tekjur, s.s. mæðra- og feðralaun, barnabætur, fæðingarorlof, greiðslur úr sjúkrasjóði stéttarfélags, frá bönkum, lánastofnunum eða öðrum aðilum.
- e. Læknisvottorð ef umsækjandi er óvinnufær.
- f. Hafi umsækjandi nýlega slitið hjúskap eða sambúð, skal leggja fram vottorð sýslumanns því til staðfestu sem og samkomulag um skiptingu eigna og skulda, sé um það að ræða.
- g. Umsækjanda ber að leggja fram dvalarleyfi í þeim tilfellum sem það á við.
- h. Ef umsækjandi skilar ekki viðeigandi gögnum um fjárhag sinn eða maka síns, ef við á, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar.

Umsóknum um lán skulu fylgja upplýsingar um hvort umsækjandi sé með eldra lán hjá velferðarráði. Ef svo er þá fylgi einnig upplýsingar um stöðu þess láns.

4. gr.

Upplýsingar um tekjur

Starfsmaður fjölskyldusviðs skal, ef þörf krefur, afla frekari upplýsinga um tekjur og eignir umsækjanda svo sem hjá skattayfirvöldum, atvinnurekendum, Tryggingastofnun ríkisins, lífeyrissjóðum og atvinnuleysistryggingasjóðum. Skal það gert í samráði við umsækjanda.

5. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda.

Umsækjendur skulu boðaðir í viðtal á fjölskyldusviði þar sem kannaðar eru félagslegar aðstæður. Veita skal umsækjendum leiðbeiningar um málsmeðferð umsóknar. Ennfremur skulu þeir upplýstir um rétt til aðstoðar sem þeir kunna að eiga annars staðar og ber þeim að nýta sér þann rétt.

6. gr.

Samþykkt aðstoð.

Að öllu jöfnu skal samþykkt aðstoð ekki vera lengur en einn mánuð í einu.

7. gr.

Rökstuðningur synjunar.

Sé umsókn hafnað fær umsækjandi skriflegar upplýsingar þar sem forsendur synjunar eru rökstuddar.

8. gr.

Rangar/villandi upplýsingar.

Vakni grunur um að villandi eða rangar upplýsingar hafi verið veittar í því skyni að fá fjárhagsaðstoð skal viðkomandi boðaður í viðtal, þar sem leitast er við að upplýsa málið. Ef það er mat aðila að um vítavert brot hafi verið að ræða skal bæjarstíða

sveitarfélagsins gert viðvart og metið hvort málið verði sent RLR. Hafi umsækjanda verið greidd hærri fjárhagsaðstoð en vera bar samkvæmt reglum þessum getur velferðarráð endurkrafið viðkomandi eftir almennum reglum kröfuréttar. Þá er heimilt að draga upphæðina frá fjárhagsaðstoð sem umsækjandi kynni að öðlast rétt til síðar.

Telji starfsmaður fjölskyldusviðs dvöl skjólstæðings í sveitarféluginu ekki ígildi fastrar búsetu í samræmi við ákvæði lögheimilislaga nr. 21/1990 skal velferðarráð taka ákvörðun hvort málið skuli sent þjóðskránni, sbr. 11. gr. laga um lögheimili.

9. gr.

Málskot til velferðarráðs.

Ákvörðun um synjun fjárhagsaðstoðar má skjóta til velferðarráðs Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, Patreksfirði. Skal það gert skriflega og eigi síðar en 4 vikum eftir að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðunina.

10. gr.

Málskot til úrskurðarnefndar.

Ákvörðun velferðarráðs má skjóta til Úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan 4ra vikna frá því viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

III. KAFLI Réttur til fjárhagsaðstoðar.

11. gr.

Upphæð fjárhagsaðstoðar.

Fjárhagsaðstoð til einstaklings, 18 ára og eldri getur numið allt að 199.910, hér eftir nefnd grunnfjárhæð. Fjárhagsaðstoð til hjóna og fólks í sambúð hækkar um 1,8 og nemur kr. 359.838. Hækkar árlega í takti við vísitölu neysluverðs.

Upphæð fjárhagsaðstoðar er óháð því hvort barn/börn búa á heimilinu.

Geti umsækjandi ekki framvísað skráningarskírteini eða greiðsluseðli frá Vinnumálastofnun án viðhlítandi skýringa skal fjárhagsaðstoð lækka hlutfallslega fyrir umrætt tímabil.

12. gr.

Tekjur umsækjanda.

Allar tekjur einstaklings/maka, í þeim mánuði er sótt er um og mánuðinn á undan, aðrar en greiðslur vegna barna og húsaleigubætur/vaxtabætur, koma til frádráttar við ákvörðun

um upphæð fjárhagsaðstoðar. Mæðra- og feðralauun reiknast umsækjanda til tekna. Með tekjum er hér átt við allar tekjur einstaklings/maka, sem ekki eru sérstaklega til framfærslu barna, þ.e. atvinnutekjur, allar skattskyldar tekjur TR, atvinnuleysisbætur, leigutekjur o.s.frv. Eigi umsækjandi rétt á atvinnuleysisbótum, skal reikna atvinnuleysisbætur honum til tekna, hvort sem hann hefur skráð sig hjá Vinnumálastofnun eða ekki, nema framvísað sé læknisvottorði.

13. gr.

Eignir umsækjanda/maka.

Eigi umsækjandi, maki hans eða sambýlingur, eignir umfram íbúðarhúsnæði, sem umsækjandi eða fjölskylda hans býr í, og fleiri en eina fjölskyldubifreið, eða hafi hann nýlega selt eignir sínar, skal honum vísað á lánaþyrirgreiðslu banka og sparisjóða, þó að tekjur hans séu undir viðmiðunarmörkum.

14. gr.

Meðlagsgreiðslur umsækjanda.

Þegar umsækjandi er undir eða á viðmiðunarmörkum, er heimilt að taka tillit til meðlagsgreiðslna. Hér er átt við áfallandi meðlagsgreiðslur hverju sinni, en ekki uppsafnaðar meðlagsskuldir.

Slíkar greiðslur skulu þá inntar af hendi beint og milliliðalaust af hálfu starfsmanna stofnunarinnar til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

15. gr.

Aðstoð vegna barna og ungmenna.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaður vegna barna greiðist af barnabótum, barnabótaauka og meðlögum ef við á.

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings sem býr í foreldrahúsum, hjá ættingjum eða öðrum, sem ætla má að taki þátt í framfærslu viðkomandi með beinum eða óbeinum hætti getur numið allt að 50 % af grunnfjárhæð.

Geti umsækjandi sýnt fram á að hann njóti ekki hagræðis af sameiginlegu heimilishaldi er heimilt að veita fulla grunnfjárhæð.

Hafi einstaklingur, er fellur undir ofangreint forsjá barns skal viðkomandi reiknuð fjárhagsaðstoð til framfærslu að fullu.

Unglingar 18 ára og yngri eiga ekki rétt á fjárhagsaðstoð í eigin nafni.

16. gr.

Kostnaður vegna húsnæðis.

Við afgreiðslu fjárhagsaðstoðar er gert ráð fyrir að kostnaði umsækjenda vegna húsnæðis verði mætt með greiðslum húsaleigu- eða vaxtabóta, enda hefur þegar verið gert ráð fyrir hluta þess kostnaðar í grunnupphæð fjárhagsaðstoðar til framfærslu.

17. gr.

Atvinnurekendur/sjálfstætt starfandi einstaklingar, hlutastörf.

Atvinnurekendur og sjálfstætt starfandi einstaklingar eiga rétt til fjárhagsaðstoðar að því tilskildu að þeir hafi hætt rekstri og leitað réttar síns til atvinnuleysisbóta í samræmi við ákvæði laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006 frá 14. júní 2006.

18. gr.

Námsmenn.

Einstaklingar sem stunda nám, sem lánshæft er hjá Menntasjóði námsmanna njóta ekki réttar til fjárhagsaðstoðar.

Heimilt er að veita lán/styrki til einstaklinga, 18 til 24 ára, sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og hafa ekki lokið grunnskóla eða framhaldsskóla, sem stuðning við markmið í vinnu með félagsráðgjafa sem miðar m.a. að efnahagslega sjálfstæðu lífi viðkomandi. Umsóknir varðandi námskostnað skulu tekna fyrir hverja önn, þannig að aðstoð greiðist áfram þegar umsækjandi sýnir eðlilega námsframvindu. Aðstoðin miðast við fjárhagsaðstoð til framfærslu ásamt almennum skólagjöldum og bókkostnaði.

Leggja skal inn umsókn um námsstyrki fjórum vikum áður en nám hefst. Umsóknir varðandi námskostnað skulu tekna fyrir hverja önn þannig að aðstoð greiðist áfram þegar umsækjandi sýnir eðlilega námsframvindu. Námsstyrkir eru háðir samkomulagi um félagslega ráðgjöf. Námsmaður þarf að standa skil á skólasókn, námsframvindu og einkunnum. Miðað skal við að námið leiði til þess að nemandi geti síðar hafið nám sem er lánshæft hjá Menntasjóði námsmanna.

19. gr.

Tímamörk réttar til fjárhagsaðstoðar.

Eigi umsækjandi rétt til fjárhagsaðstoðar, gildir rétturinn frá þeim tíma sem umsóknin berst. Fjárhagsaðstoð er aldrei skyld að veita lengra aftur í tímann en fjóra mánuði frá því umsókn er lögð fram.

20. gr.

Heimild til lækkunar.

Umsækjanda er skylt að sækja rétt sinn hjá viðeigandi aðilum og skal staðfesting fylgja umsókn um fjárhagsaðstoð sbr. 3. gr. reglna þessara. Vanræki umsækjandi að sækja rétt sinn er heimilt að skerða fjárhagsaðstoð sem nemur staðfestum rétti annars staðar eða greiða hálfa grunnfjárhæð til framfærslu sama mánuð og mánuðinn þar á eftir.

Þeir einstaklingar sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni skulu í samvinnu við félagsráðgjafa gera einstaklingsáætlun sem miðar að því að umsækjandi nái vinnufærni að öllu leyti eða að hluta. Sinni einstaklingur ekki einstaklingsáætlun skal greiða hálfa grunnfjárhæð til framfærslu þann mánuð og mánuðinn á eftir nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

Umsækjandi skal sýna fram á virka atvinnuleit á Íslandi. Hafi umsækjandi hvorki skráð sig hjá Vinnumálastofnun né sinnt virkni, án viðhlítandi skýringa, missir hann hlutfallslegan rétt til fjárhagsaðstoðar það tímabil. Sama gildir um umsækjanda sem hætt hefur þáttöku í átaksverkefni, endurhæfingu eða námi og/eða stendur ekki við einstaklingsáætlun, nema veigamiklar ástæður sem fram koma við mat á aðstæðum umsækjanda mæli gegn því.

Þá skal greiða hálfa grunnfjárhæð til framfærslu verði umsækjandi uppvís að því að stunda atvinnu án þess að upplýsa um tekjur.

IV. KAFLI

Heimildir vegna sérstakra aðstæðna.

21. gr.

- a) Fjárhagsaðstoð til kaupa á nauðsynjum svo sem fatnaði, eða hjálpartækjum á borð við gleraugu eða heyrnartæki. Styrkupphæð miðast við sambærilega styrki hjá Sjúkratryggingum Íslands.
- b) Fermingarstyrk sem nemur 50% af grunnfjárhæð einstaklings.
- c) Tannlæknakostnað sem nemur 30% af grunnfjárhæð einstaklings. Umsókninni skal fylgja kostnaðaráætlun tannlæknis.
- d) Til greiðslu húsbúnaðar að hámarksupphæð kr. 100.000,- til handa einstaklingi eða fjölskyldu sem býr við erfiðar félagslegar aðstæður. Húsbúnaðarstyrkur greiðist einu sinni.
- e) Dvöl á viðurkenndri heilsustofnun í allt að 6 vikur fyrir fólk sem býr við erfiðar félagslegar og/eða fjárhagslegar aðstæður og ekki á rétt á greiðslu frá stéttarfélagi, lífeyrissjóði eða öðrum. Við mat á slíku skal liggja fyrir læknisvottorð.

- f) Útfararstyrkur: Heimilt er að veita aðstoð til greiðslu útfararkostnaðar þegar sannreynt hefur verið að dánarbúið getur ekki staðið undir útför hins látna. Útfararstyrkur getur numið allt að tvöfaldri grunnfjárhæð einstaklings.
- g) Desemberuppbót sem nemur 10% af grunnfjárhæð einstaklings fyrir umsækjanda/umsækjendur. Heimilt er að taka sérstakt tillit til barna og veita sem nemur 10% af grunnfjárhæð einstaklings fyrir hvert barn.
- h) Vegna sérfræðiaðstoðar í formi viðtala hjá sálfræðingi, geðlækni, félagsráðgjafa eða öðrum viðurkenndum fagaðilum. Einstaklingur skal hafa kannað og nýtt sér rétt sinn til niðurgreiðslu annars staðar svo sem hjá stéttarfélagi áður en réttur skapast til niðurgreiðslu. Heimilt er að kalla eftir umsögn fagaðila og meta þörf á frekari aðstoð.
- i) Vegna sérstakra erfiðleika sem félagsmálanefnd ákveður að veita aðstoð við.

22. gr.

Aðstoð til foreldra vegna barna á framfæri.

Heimilt er að veita foreldrum sem hafa haft tekjur undanfarna fjóra mánuði sem eru við eða lægri en grunnfjárhæðin sérstaka fjárhagsaðstoð. Um er að ræða aðstoð til að greiða fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamálftíðir, lengdan skóladag, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 12% af grunnfjárhæð einstaklings á mánuði. Leitast skal við að kanna aðstæður beggja foreldra þegar mat er lagt á umsókn um aðstoð vegna barna.

23. gr.

Um fjárhagsaðstoð sem veitt er sem lán.

Fjárahagsaðstoð veitt sem lán samkvæmt þessum reglum, kemur einungis til álita fari umsækjandi í greiðsluþjónustu banka eða sparisjóða. Einnig þarf að liggja fyrir mat á hversu mikla endurgreiðslugetu umsækjandi hefur.

Ef veita á fjárhagsaðstoð sem lán og fyrir liggur að umsækjandi er þegar með eldra lán hjá Vesturbyggð, skal áður en nýtt lán er veitt, gera upp hið eldra lán eða sameina það nýrri lánaveitingu.

Fjárhagsaðstoðarlán eru vaxtalaus.

24. gr.

Ábyrgðaryfirlýsing vegna tryggingar húsaleigu

Heimilt er að gefa út ábyrgðaryfirlýsing til tryggingar húsaleigu að hámarki 600.000 kr., til þeirra sem fengið hafa fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan.

Það sama gildir í þeim tilfellum sem umsækjandi hefur ekki fengið fjárhagsaðstoð til framfærslu samkvæmt reglum þessum í mánuðinum sem sótt er um og í mánuðinum á undan, en hefur til langst tíma glímt við margháttaðan húsnæðisvanda og mikla félagslega erfiðleika.

Umsækjandi skal leggja fram staðfestingu á því að hann eigi ekki kost á láni frá bönkum eða lánastofnunum.

Verði gengið að ábyrgðaryfirlýsing til samkvæmt reglum þessum skal greiða þá upphæð sem um ræðir samkvæmt umsókn beint til leigusala og krefja umsækjanda um greiðslu ábyrgðar. Heimilt er að breyta kröfu um endurgreiðslu umsækjanda í lán.

25. gr.

Reglur þessar taka gildi við dagsetningu samþykktar bæjarstjórnar.

Bæjarstjórinna í Vesturbyggð, 21. júní 2023.

Pórdís Sif Sigurðardóttir